Nr. 1439 7. desember 2023

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar vegna snjóflóðavarnarkeilna norðan Öldugarðs, Múlaþingi.**

Skipulagsstofnun staðfesti 7. desember 2023 breytingu á aðalskipulagi fyrrum Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 sem samþykkt var í sveitarstjórn 15. nóvember 2023.

Í breytingunni felast áform um uppbyggingu fimm varnarkeilna norðan við snjóflóðavarnargarðinn Öldugarð sem nú er í framkvæmd. Opið svæði til sérstakra nota stækkar úr 4 ha í allt að 6 ha. Óbyggt svæði minnkar sem því nemur.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 7. desember 2023.*

**Ólafur Árnason.**

---

B-deild – Útgáfudagur: 21. desember 2023